

Utanríkisráðuneytið, kt. 670269-4779, [ráðuneytið] og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, kt. 600169-2039, [Hagfræðistofnun] gera með sér neðangreindan

SAMNING

1. gr.

Afmörkun

Hagfræðistofnun tekur að sér að vinna fyrir ráðuneytið skýrslu sem annars vegar snúi að stöðu aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins[ESB] og hins vegar stöðu og þróun ESB.

Nánari efnisleg afmörkun verkefnis er að finna í minnisblaði í viðauka við samninginn. Minnisblaðið er hluti samningsins.

2. gr.

Fyrirkomulag

Hagfræðistofnun sér alfarið um skipulag verkefnisins. Í því felst m.a. að Hagfræðistofnun annast ráðningu sérfræðinga (innlendra og erlendra), greiðslu kostnaðar vegna þeirra og alls annars kostnaðar, sbr. þó 5. gr. (ferðakostnað) auk alls utanumhalds um verkefnið.

Óski Hagfræðistofnun eftir upplýsingum frá ráðuneytinu skal ráðuneytið aðstoða Hagfræðistofnun eftir föngum.

3. gr.

Skil

Hagfræðistofnun skili niðurstöðum sínum í formi heildstæðrar skýrslu sem sé þannig úr garði gerð að unnt sé að leggja hana fram á Alþingi sem formlegt þingskjal.

4. gr.

Tímaáætlun

Lokaskýrslu skal skilað til ráðuneytisins eigi síðar en 15. janúar 2014.

Hagfræðistofnun veitir upplýsingar um stöðu og framgang vinnunnar með munnlegri framvinduskýrslu um miðjan nóvember og með frumdrögum að lokaskýrslu um miðjan desember 2013.

5. gr.

Kostnaður

Ráðuneytið greiðir Hagfræðistofnun 25 milljónir króna auk virðisaukaskatts fyrir verkefnið auk ferðakostnaðar skv. ferðakostnaðaráætlun sem er hluti samnings þessa. Leita skal heimildar utanríkisráðuneytis fyrir hverri ferð og annast ráðuneytið bókanir farmiða og umsýslu vegna ferðakostnaðar. Haga skal undirbúningi þannig að sem hagstæðust ferðakjör fáið hverju sinni.

Um verður að ræða fjórar jafnar greiðslur sem miðast við undirritun samnings, munnlega framvinduskýrslu, frumdrög að skýrslu og lokaskýrslu, sbr. 4. gr.

6. gr.

Tengiliðir

Tengiliðir vegna verkefnisins eru Gunnar Haraldsson forstöðumaður fyrir Hagfræðistofnun og Högni S. Kristjánsson sviðsstjóri viðskiptasviðs fyrir utanríkisráðuneytið.

Reykjavík 25. október 2013.

Fyrir Hagfræðistofnun



Gunnar Haraldsson

Forstöðumaður

Fyrir utanríkisráðuneytið



Einar Gunnarsson

Ráðuneytisstjóri

MINNISBLAÐ

Efni: Úttekt á stöðu aðildarviðræðna við Evrópusambandið (ESB) og þróun sambandsins.

Bakgrunnur

Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar Íslands gerir ráð fyrir því að gerð sé úttekt á stöðu aðildarviðræðna Íslands og ESB. Þá skuli einnig litið til þróunar mála innan sambandsins og þá sérstaklega hvað varðar efnahagslega þróun auk breytinga í laga- og stofnanalegri gerð, s.s. lýðræðisþróunar, ákvörðunarvald o.s.frv.

Minnisblað þetta leggur efnislegann ramma um úttektina.

Uppbygging úttektar

Úttektinni verður skipt í þrjú meginþætti.

- A. Staða umsóknar Íslands um aðild að ESB.
- B. Þróun ESB. Auk inngangs verður meginumfjöllunin um þróun ESB frá stofnun sambandsins. Sérstaklega verður hugað að þróun þess eftir að viðræður hófust. Fjallað verður m.a. um:
 - a. réttarreglur ESB, þar á meðal um stofnanir, og
 - b. efnahagslega þróun.
- C. Útlit varðandi þróun sambandsins.
 - a. Lagalegar og pólitísk horfur
 - b. Efnahagslegt útlit
- D. Samantekt niðurstaðna

Sérhver þessara hluta innifelur ýmsa efnisþætti. Hér á eftir verður fjallað um hvern þátt, hvað hann innifelur og áætlun um hvernig fjalla megi um málið.

A. Staðan í dag.

Skóða þarf stöðu viðræðna við ESB, innihald þeirra og hverju þær hafa skilað. Nú þegar liggja fyrir ýmsar upplýsingar um það efni en leggja þarf hlutbundið mat á stöðuna útfrá fyrirliggjandi gögnum. Það inniber að greina alla kafla viðræðnanna og meta umfang og mikilvægi þeirra sem þegar hafa verið opnaðir. Hinu sama gegnir um þá kafla sem þegar hefur verið lokað.

Einnig þarf að líta til þeirra kafla sem ekki hafa verið opnaðir og draga ályktanir um umfang þeirra og mikilvægi. Í því sambandi verður m.a. horft til þeirra gagna sem fyrir liggja í þeim samningahópum sem um ræðir.

Þá er nauðsynlegt að ræða við fulltrúa í samninganefnd Íslands og fulltrúa ESB sem komið hafa að viðræðunum til að fá þeirra mat á stöðunni auk þess sem leita verður til embættismanna, bæði hér heima og erlendis og fleiri aðila eftir því sem nauðsyn ber til.

Út frá þessum upplýsingum má draga ályktanir um hve langt viðræðurnar eru komnar, bæði hvað varðar tíma og umfang.

B. Þróun Evrópusambandsins.

Viðfangsefni þessa hluta má skipta þeim í þrjá megin flokka.

1. Lagaleg og stofnanaleg þróun. Gerð verður grein fyrir þróun lagareglna ESB í samanteknu máli frá stofnun þess og fram að gildistöku Lissabonsáttmálans. Síðan mun fylgja ítarleg úttekt á þeim lagabreytingum sem orðið hafa í kjölfar hans. Sú úttekt nær til frumréttar og afleiddra gerða Evrópusambandsins og felur í sér ítarlega lýsingu á stofnunum þess og efnisrétti.
2. Efnahagsþróun. Litið verður til þróunarinnar frá því að umsókn var lögð fram auk þess sem skoðað verður hvert útlitið er í efnahagsmálum með sérstakri áherslu á hvaða áhrif það hefði á íslenskt efnahagslíf. Hér má bera saman þessa þróun við þróunina á Íslandi og skoða í því efni helstu hagstærðir milli Íslands og aðildarríkja ESB. Hér verður litið til þátta eins og hagvaxtar, atvinnustigs, viðskiptakjara, peningamála og ríkisfjármála.
3. Pólitísk þróun: Lagt verður mat á mögulega pólitíska þróun ESB t.d. út frá auknu hlutverki Evrópuþingsins, pólitískri þróun í aðildarríkjum ESB o.s.frv.

C. Framtíðarþróun ESB

Þessum þætti verður gerð skil með því að beina sjónum að þremur þáttum, þ.e. efnahagsmálum, stjórnámálum og lagaumhverfi og taka saman þær greiningar sem þegar hafa verið birtar (e. literature review).

Líta þarf m.a. sérstaklega til:

- stofnanalegrar þróunar – dýpkun ESB,
- stækkunarstefnu ESB og breytinga á henni – stækkun ESB,
- efnahagslegrar þróunar ESB (gjaldmiðill, mannfjöldi (innflytjendur), framleiðsla, framleiðni), og
- viðskiptasamninga (EES, ESB og Bandaríkin, ESB og Japan, ESB og Kína)

D. Samandregnar niðurstöður

VIÐAUKI 2

ÚTTEKT Á STÖÐU AÐILDARVIÐRÆÐNA VIÐ EVRÓPUSAMBANDIÐ (ESB) OG ÞRÓUN SAMBANDSINS

FERÐAÁÆTLUN

HAGFRÆDISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

OKTÓBER 2013

Vegna verkefnis Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands fyrir utanríkisráðuneytið er varðar úttekt á stöðu aðildarviðræðna við Evrópusambandið og þróun sambandsins þykir ljóst að leita verður fundna við erlenda aðila til upplýsingagjafar vegna einstakra verkþátta.

Erfitt getur reynst að meta nákvæmlega þörf fyrir fundi erlendis og því má ætla að ferðir gætu orðið færri eða fleiri en hér er áætlað. Allar ferðir vegna verkefnisins yrðu skipulagðar í samvinnu og samráði við verkkaupa (utanríkisráðuneytið). Eftirfarandi áætlun er sett fram með þessum fyrirvörum.

Ætla má að í heildina verði um að ræða 2 ferðir 3 sérfræðinga til Brussel auk 1 ferðar 2 sérfræðinga til Berlín og ein ferð 2 sérfræðinga til Norðurlanda. Þá er gert ráð fyrir einni ferð sérfræðings frá Strassbourg til Brussel og til baka fyrir sérfræðing sem staðsettur er í Strassbourg.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti eru dagpeningar fyrir gistingu- og upphald á dag (miðað við flokk 3) um 43.475 krónur.

Ef þannig er gert ráð fyrir 11 farmiðum alls (samanlagðar ferðir allra sérfræðinga vegna verkefnisins) og gert ráð fyrir 2ja daga ferð að meðaltali verður heildarkostnaður vegna gistingar og uppihalds u.þ.b. 1 millj. kr.

Við það bætist kostnaður vegna fargjalda en reynt verður að fá hagstæðustu kjör á hverjum tíma. Ef miðað er við að hver farmiði kosti um 130.000 kr. er kostnaður ríflega 1,4 millj. kr.

Þannig er gert ráð fyrir að ferðakostnaður verði um það bil 2,4 millj. kr.

